



Fréttatilkynning

04 October 2023 13:20:00 GMT

Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa 4. október 2023

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 29. september 2023 varðandi útboð á sértryggðum skuldabréfum.

Arion banki heldur útboð í dag á sértryggða skuldabréfaflokknum ARION CBI 30.

Útboðið er með hollensku fyrirkomulagi þar sem öll samþykkt tilboð verða seld á sama verði, á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CB 24 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum í ofangreindu útboði. Hreint verð í skiptiútboðinu er 98,4217.

Áætlaður uppgjörsdagur er 11. október 2023. Greiða skal fyrir flokkinn með reiðufé og /eða með skiptum á ARION CB 24.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað til skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 í dag, 4. október 2023.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumans fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumans fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa 4. október 2023](#)